

Þorbergur Guðmundsson,  
Jódíssarstöðum,  
605 Akureyri.

## Sent með ábyrgðarpósti

Einnig sent með tölvupósti á netfangið  
tobbi256@gmail.com

Reykjavík, 15. ágúst 2024

### Efni: Úrskurður stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands

Á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands, sem haldinn var í dag, 15. ágúst 2024, var kveðinn upp eftirfarandi úrskurður í samræmi við 31. gr. laga sambandsins. Rétt er að taka fram að stjórnarmennirnir Laufey Agnarsdóttir, María Guðsteinsdóttur og Pórunn Brynja Jónasdóttir tóku ekki þátt í meðferð málsins.

#### 1. Málavextir

Sunnudaginn 22. október 2023 var halddið bikarmót Kraftlyftingafélags Íslands (hér eftir KRAFT) í kraftlyftingum og klassískum kraftlyftingum í íþróttahúsini að Varmá í Mosfellsbæ. Í kjölfar mótsins barst stjórn KRAFT fjölmargar kvartanir og ábendingar vegna framkomu og hegðunar þinnar í mótinu, þar á meðan skýrsla frá dómurum mótsins. Í mótinu varst þú keppandi á vegum Kraftlyftingafélags Akureyrar (hér eftir KFA) en einnig keppti fyrir hönd KFA Sara Viktoría Bjarnadóttir og var Grétar Skúli Gunnarsson þjálfari og aðstoðarmaður keppenda.

Nánar tiltekið er um eftirfarandi tilvik að ræða.

##### 1. Óviðeigandi ummæli í garð dómara mótsins

Samkvæmt frásögn vitna léstu tiltekin ummæli falla um og við dómara mótsins einkum eftir að í ljós kom að svokallaðar metaskífur vantaði á keppnisstaðinn í kjölfar þess að keppandi frá KFA ætlaði að gera tilraun til þess að setja Íslandsmet í réttstöðulyftu, í sinni síðustu tilraun. Af þessum sökum tafðist keppni í fyrsta holli í um 50 mínútur og keppni í næsta holli tafðist um 30 mínútur.

Í kjölfar atviksins er því lýst að þú og Grétar Skúli Gunnarsson hafið gengið um keppnissvæði og áhorfendasal og ítrekað lýst því yfir að þetta væri viljandi gert af KRAFT og/eða mótsþöldurum til þess að eyðileggja fyrir keppanda KFA. Er því lýst að reiði ykkar hafi einkum beinst að þeim þremur dómurum sem dæmdu hollið, en allir dómarrarnir voru konur. Nánar tiltekið er um að ræða þær Laufeyju Agnarsdóttur, Maríu Guðsteinsdóttur og Pórunni Brynju Jónasdóttur

Í frásögn vitnisins Láru Bogeyjar Finn bogadóttur kom fram að þú og Grétar Skúli Gunnarsson hefðu haft uppi ýmsar samsæriskenningar vegna atviksins og almennt sýnt mikla óvild gagnvart þeim sem stóðu að mótinu.

R. JF Ag

Í frásögn vitnisins Friðbjarnar Braga Hlynssonar kom fram að liðsmenn KFA hafi sýnt dónaskap eftir að tilvikið með metaskifurnar kom upp. Hafi þeir, þ.m.t. þú, sakað KRAFT um að hafa gert þetta með ráðum til að klekkja á keppanda KFA og haft uppi hótanir um kærur. Hafi liðsmenn KFA staðið í hótunum og leiðindum við dómarar og mótsins.

Í frásögn vitnisins Jens Andra Fylkissonar kom fram að þjálfarar og keppendur KFA, þ.m.t. þú, hefðu sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart starfsmönnum og dómurum mótsins.

Þess má geta að mótið var tekið upp á myndband og við skoðun á myndbandsupptöku má heyrar þig láta eftirfarandi ummæli falla:

2:15:30 – Grétar Skúli segir þar sem þú, hann og Sara Viktoría standið þar sem gengið er inn á keppnispall af upphitunarsvæði: „Þetta er ekki fyrsta mótið sem KRAFT er búið að eyðileggja fyrir okkur, þetta er orðið vani, það á setja þetta í bann, ég vil ekki sjá þessa dómarar aftur á næsta ... (óskýrt)“. Þú virðist taka undir með því að segja „(óskýrt) á Vestfirðingum alla tíð“. Grétar Skúli viðhefur þá ummæli sem ekki er hægt að greina og svo virðist þið báðir hlægja hátt.

2:26:30 - Þú heyrst segja eitthvað á þá leið, og virðist vera að vísa til dómaranna, að þeir verði sektaðir fyrir að eyðileggja mótið. Á þeim tíma standið þið Grétar Skúli báðir fyrir framan ritaraborðið. Hann tekur undir og segir að allir dómararnir verði settir í keppnisbann og þú tekur undir með því að segja „er það ekki?“. Þú segir að það verði jafnt yfir alla að ganga og Grétar Skúli segir að það sé geggað að þær (dómararnir) séu allar í stjórn.

2:30:10 – Þú og Grétar Skúli standið á keppnispallinum þegar Grétar Skúli segir „það gæti líka verið að þau hafa falið þær, það er ekkert ólíklegt miðað hvernig þetta fólk hefur hagað sér í gegnum árin“. Þú virðist taka undir þetta og segir „líka miðað við hvernig þau eru að haga sér núna, þau eru ekkert að biðjast afsökunar“.

---

Með kæru KRAFT, dags. 10. janúar 2024 (ranglega dagsett 2023), til Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands var framangreind háttsemi þín kærð til dómstólsins. Undir rekstri dómsmálsins skilaðir þú inn greinargerð þar sem þú komst á framfæri athugasemendum þínúnum og sjónarmiðum varðandi kæruna. Með úrskurði dómstólsins, sem upp var kveðinn þann 29. febrúar sl., var kæru KRAFT vísað frá Dómstóli ÍSÍ á þeim forsendum að kæra KRAFT hafi borist dómstólnum eftir að sjö daga frestur skv. grein 24.2 í lögum ÍSÍ var liðinn.

Í 31. gr. laga KRAFT segir að Dómstólar ÍSÍ fari með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingarhreyfingarinnar. Þó geti stjórn KRAFT úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skuli þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geti aðilar þó vísað til Dómstóls ÍSÍ.

AA

ZB

2  
JEP  
AG

Með tölvupósti stjórnar KRAFT til þín, dags. 16. apríl sl., var þér tjáð að þar sem efnisleg niðurstaða hafi ekki fengist í málinu hjá Dómstóli ÍSÍ þá hafi stjórn KRAFT ákveðið að taka málið til umfjöllunar á fundi sínum á grundvelli 31. gr. laga KRAFT. Vísað var til þess að í frávísunarúrskurði Dómstóls ÍSÍ hafi helstu sjónarmið málсаðila verið reifuð en stjórn KRAFT taldi þó rétt að gefa þér kost á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum vegna málsins. Með tölvupósti þínum til stjórnar KRAFT, dags. 22. apríl sl., sendir þú greinargerð þína, sem dagsett er sama dag, þar sem sjónarmið þín koma fram.

## 2. Sjónarmið þín


Í greinargerð þinni mótmæltir þú framangreindri lýsingu málsatvika og hafnaðir því að með háttsemi þinni hafir þú gerst brotlegur við reglur KRAFT. Af þeim sökum krafðist þú þess að vera sýknaður af öllum þeim sökum sem bornar hefðu verið á þig.

Þá gerðir þú athugasemdir við framsetningu málsins, m.a. skýrleika refsirammans, og hæfi stjórnar KRAFT til þess að úrskurða í málinu þar sem umræddir dómarar eiga einnig sæti í stjórn KRAFT. Þá gerðir þú athugasemd við að kæran geti ekki náð til þín sem formanns íþróttafélags, þar sem ákvæði 40. gr. laga ÍSÍ taki einungis til íþróttamanna. Strangt til tekið hafir þú ekki verið í hlutverki íþróttamanns þegar umrædd atvik komu upp, heldur hafir þú þá verið í hlutverki formanns KFA. Það hafi ekki verið fyrr en upphitun hjá þér hafi byrjað, sem þú getur talist hafa verið í hlutverki íþróttamanns á mótinu.

Þá bentir þú á að KRAFT geti ekki talist hlutlaus aðili í málinu þar sem KFA sé með kæru inni hjá dómstólum ÍSÍ gegn KRAFT fyrir brot á siðareglum.

Þú bentir á að framsetning kærunnar sé mjög ruglingsleg og erfitt sé að sjá hvernig málið varði þig. Í raun sé ómögulegt fyrir þig að skilja hvernig aðild þín að málinu er til komin, þar sem kæran byggist alfaríð á gagnrýni þinni á störf dómara, sem brutu gegn ákvæði 24. gr. mótareglna KRAFT og ítrekað neituðu fyrir það. Þá bentir þú á að kæran sem þú fékkst senda með pósti þann 16. apríl hafi ekki verið sama kæruskjal og sent var Dómstóli ÍSÍ á sínum tíma. Þú bentir jafnframt á að lýsing málavaxta hafi verið mjög ruglingsleg og reynt hafi verið að hlera einkasamtöl þín og annarra, þar sem aðeins brot af samtlönum heyrist. Sé þetta gert í því skyni að gera málið tortryggilegt. Í samtlönum sé þó hvergi brot gegn nokkrum reglum heldur sé um að ræða frjáls samskipti í einkasamtölum. Telur þú málið af þessum sökum ótækt til frekari umfjöllunar.

Varðandi lýsingu málavaxta þá vísar þú til þess að þú hafir í umrætt sinn verið að ræða við varaformann KFA um mistök dómarar og hafið þið báðir verið sárir og pirraðir á því að dómarar neituðu ítrekað að viðurkenna mistök sín. Auk þess hafi dómararnir ekki beðið keppanda KFA afsökunar fyrr en búið var að ganga mikið á eftir þeim. Þú vísaðir til þess að um stórt atvik hafi verið að ræða enda hefði keppandinn Sara Viktoría getað sett Íslandsmet í réttstöðulyftu og gert hana að stigahæsta íþróttamanni innan kraftlyftinga, óháð kyni. Hafi það því verið fullkomlega eðlilegt að þú hafir lýst með hófsönum hætti vonbrigðum með þessi afdrifaríku mistök dómaranna. Þú hafir engin orð haft uppi sem réttlæta kæru á hendur þér. Vísar þú til þess að hefðu dómarar mótsins uppfyllt skyldur sínar þá hefði þetta vandamál aldrei komið til.



3  
JEP  
AG

Loks gerðir þú athugasemdir við þann tíma sem leið frá því atvikið átti sér stað og þar til stjórn KRAFT sendi kæru til Dómstóls ÍSÍ. Vísaðir þú til þess að það málið hafi tekið mjög langan tíma.

### 3. Niðurstaða

Í 31. gr. mótareglna KRAFT, sem samþykktar voru af stjórn sambandsins og voru því í gildi í umræddu móti, segir að með mál vegna brota á mótareglunum skuli farið eins og lög og reglugerðir KRAFT kveða á um.

Í 31. gr. laga KRAFT segir að Dómstólar ÍSÍ fari með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingahreyfingarinnar. Þó geti stjórn KRAFT úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skuli þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geti aðilar þó vísað til Dómstóls ÍSÍ.

Í 5. gr. mótareglna KRAFT má finna reglur um hegðun keppenda, forystumanna og annarra fulltrúa félaga. Þar segir að ávallt skuli sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni, koma skuli fram af hollustu, heiðarleika og sönum íþróttanda. Segir jafnframt að þeir sem taka þátt í starfi kraftlyftingahreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem rýrt getur orðstýr íþróttarinnar. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Í viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsfélaga, nánar tiltekið 5. kafla, er m.a. fjallað um ofbeldi og er skilgreiningin á líkamlegu ofbeldi sú þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Andlegt ofbeldi er skilgreint sem m.a. samskipti sem einkennast af niðurlægingu, markvissu niðurbroti einstaklings, ómanneskjulegri framkomu, ofsóknum, öskri, hótunum, ógnum eða langvarandi þögn. Andlegt ofbeldi er sagt notað til að stjórna öðrum eða ná völdum yfir þeim. Í hegðunarviðmiðum ÍSÍ fyrir þjálfara, iðkendur, stjórnarmenn og starfsfólk segir í 6. kafla að ofbeldi sé ekki liðið innan íþróttahreyfingarinnar. Einnig segir í 1. kafla að koma skuli fram af virðingu, m.a. gagnvart mótherjum, þjálfurum, dómurum og öðru starfsfólki.

Er mál þetta því tekið til úrskurðar stjórnar KRAFT á grundvelli framangreindra ákvæða. Með vísan til alls framangreinds verður nú tekin afstaða til þeirrar háttsemi þinnar sem lýst hefur verið hér að framan.

#### 1. Óviðeigandi ummæli í garð dómara mótsins

Fyrir liggja í málinu frásagnir fjölmargra vitna, sem allar eru á sama veg. Þá liggja einnig fyrir myndbandsupptökur af mótsstað. Með hliðsjón af frásögn vitna og upptöku af mótinu er það niðurstaða stjórnar KRAFT að þú hafir látið falla ummæli gagnvart dómurum mótsins sem teljast bæði alvarleg og einstaklega óviðeigandi. Geta ummælin ekki verið til annars fallin en að gera lítið úr störfum dómara og grafa þannig undan heilindum þeirra við störf sín og verða ummælin aldrei réttlætt með vísan til meints vanbúnaðar á keppnisstað og teljast ummælin, hvernig sem á málið er lítið, langt úr hófi.

Að mati stjórnar KRAFT getur engu máli skipt hvort ummælin hafir þú látið falla fyrir eða eftir að upphitun þín hófst í mótinu. Í mótinu varstu í senn keppandi, aðstoðaðir annan keppanda og varst fulltrúi KFA. Þá er einnig rétt að geta þess að þarna varstu búinn að fara í vigtun fyrir eigin keppni og var þátttaka því sem íþróttamaður, hvernig sem á málið er horft, augljóslega hafin.

Við mat á því hvort um óíþróttamannslega hegðun er að ræða er m.a. litið til viðmiða sem sett eru fram í viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsfélaga og hegðunarviðmiða ÍSÍ fyrir þjálfara, iðkendur, stjórnarmenn og starfsfólk sem nefnd eru hér að framan. Er það niðurstaða stjórnar KRAFT að með háttsemi þinni hafir þú sýnt af sér alvarlega og óíþróttamannslega framkomu sem varðar við 5. gr. mótareglna KRAFT, d-lið 1. töluliðs, c-lið 2. töluliðs og a-lið 4. töluliðs greinar 37.1 í lögum ÍSÍ.

---

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða stjórnar KRAFT að þú hafir sýnt af þér ítrekaða óíþróttamannslega framkomu á umræddu móti. Framkoma af þessu tagi er til þess fallin að vega að hagsmunum og gildum íþróttahreyfingarinnar, sem einkum felast í hollustu, heiðarleika og prúðmennsku gagnvart öllum þeim sem koma að íþróttaiðkun. Var hegðun þín ekki í anda íþróttarinnar og var hún þvert á móti til þess fallin að rýra orðstýr íþróttarinnar. Telst hegðun þín varða við framangreind lagaákvæði.

Með vísan til 31. gr. laga KRAFT og í ljósi alls framangreinds er það niðurstaða stjórnar KRAFT að áminna þig vegna háttseminnar.


#### 4. Úrskurðarorð

Þorbergur Guðmundsson er áminntur.


Reykjavík 15. ágúst 2024  
f.h. stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands

  
Aron Ingí Gautason

Aron Ingí Gautason

  
Hinrik Pálsson

Hinrik Pálsson

  
Auðunn Jónsson

  
Kristleifur Andrésson